

Sp. 166. Tillaga til þingsályktunar [156. mál]
um efnislegar breytingar á gjaldskrám þjónustustofnana.

Flm.: Jón Magnússon, Friðrik Sophusson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá um að þjónustustofnunum ríkis og sveitarfélaga verði skylt að senda allar tillögur um efnislegar breytingar á gjaldskrám til umsagnar Neytendasamtakanna og Verslunarráðs Íslands.

Greinargerð.

Flutningsmenn hafa flutt tillögu sama efnis fjórum sinnum áður, síðast á 106. löggjafarþingi.

Tillögu þessari er ætlað að styrkja eftirlitshlutverk Neytendasamtakanna og Verslunarráðs með efnislegum gjaldskrárbreytingum opinberra þjónustufyrirtækja. Með efnisbreytingum er átt við aðrar breytingar en þær gjaldbreytingar sem beinlínis leiðir af almennri verðlagsþróun í landinu.

Þegar þessi tillaga var fyrst lögð fram á 102. löggjafarþingi var aðeins lagt til að Neytendasamtökin yrðu umsagnaraðili. Þá fylgdi tillögunni svofelld greinargerð í meginatriðum:

„Ríkið er stærsti og öflugasti framleiðandi þjónustu og hefur í langflestum tilfellum einokunarrétt á framleiðslunni. Það er því eðlilegt að reynt sé að efla almennt eftirlit og aðhald með gjaldskrám og verðlagningu á þjónustu ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja. Slíkt aðhald á að sjálfsögðu að vera að meginstofni til hjá Alþingi, en öllum er ljóst að það hlýtur

ávallt að vera nokkuð takmarkað. Alþingi setur lög um ríkisstofnanir, en starfsemi þeirra er í mörgum atriðum stakkur sniðinn með reglugerðum ráðuneyta og stofnana.

Neytendasamtökin eru frjáls félagasamtök sem hafa unnið sér rétt til að koma fram fyrir hönd neytenda á ýmsum sviðum. Með þessari tillögu er ríkisstjórninni falið að láta ríkisstofnanir leita umsagnar samtakanna á gjaldskrárbreytingum, en slíkt stuðlar að sterkari stöðu Neytendasamtakanna almenningi til hagsbóta.“

Skömmu eftir að tillagan var lögð fram, nánar tiltekið 23. apríl 1980, barst þáverandi flutningsmanni svofellt bréf frá Verslunarráði Íslands, undirritað af Árna Árnasyni framkvæmdastjóra:

„Þann 18. júní 1979 skipaði framkvæmdastjórn Verslunarráðs Íslands nefnd til að kanna gjaldskrá og þjónustu Pósts og síma. Skilaði nefndin niðurstöðum sínum nú í ársbyrjun og voru þær þá kynntar fréttamönnum. Fylgja þær hér með.

Þegar þessi vinna var unnin var sú hugmynd rædd, m.a. við Neytendasamtökin, að æskilegt væri að samtökin fyrir hönd neytenda og Verslunarráð Íslands fyrir hönd atvinnulífsins ættu aðild að undirbúningi gjaldskrár Pósts og síma hverju sinni. Verslunarráðið fagnar því fram kominni tillögu til þingsályktunar um gjaldskrárbreytingar þjónustustofnana.

Það skiptir atvinnulífið miklu máli hvernig gjaldskrár opinberra þjónustustofnana er háttað. Má þar einkum nefna rafveitur og póst- og símaþjónustu. Eðlilegt má telja að við slíkar gjaldskrárakerðanir sé fylgt ákveðnum meginreglum:

1. Starfsemin í heild standi undir kostnaði.
2. Hver þjónustuþáttur standi einungis undir þeim kostnaði sem þeirri þjónustu er samfara, ásamt þátttöku í heildarkostnaði.

Á þessu hefur hins vegar verið töluverður misbrestur.

Í Bandaríkjunum má nefna að neytendasamtök og verslunarráð eiga þess kost að kanna við gjaldskrárbreytingar hvort notendum sé mismunað í gjaldskrá og gagnrýna tilkostnað við þjónustuna. Er mjög æskilegt að koma slíku fyrirkomulagi á hér. Þar sem fyrirtæki úr flestum greinum atvinnulífsins eiga aðild að Verslunarráði Íslands gæti það verið hlutlaus aðili gagnvart atvinnulífinu til að koma fram fyrir þess hönd við gjaldskrárbreytingar. Eðlilegast er að Neytendasamtökin túlki hins vegar sjónarmið neytenda eins og lagt er til. Að lokum er rétt að undirstrika að gjaldskrá opinberra stofnana markist ekki af framfærsluskyldu við einstaka hópa heldur komi slíkur stuðningur fram á fjárlögum hverju sinni.“

Með tilliti til þessa bréfs þótti rétt að breyta tillögunni í núverandi horf og var það gert þegar hún var endurflutt á 105. löggjafarþingi. Þess skal getið að stjórn Neytendasamtakanna hefur eindregið hvatt til þess að tillaga þessi nái fram að ganga.

Flutningsmenn taka fram að þó að framangreint bréf frá Verslunarráði Íslands sé tekið inn í greinargerð þessa þá fallast þeir ekki að öllu leyti á þau sjónarmið sem þar koma fram, m.a. um framfærsluskyldu. Eðlilegt verður að teljast að verð fyrir þjónustu ákveðinna opinberra þjónustufyrirtækja sé í einhverjum mæli greitt af almannafé.

Í nágrannalöndum okkar eru mismunandi reglur í gildi hvað þau atriði varðar sem hér um ræðir. Í Bretlandi skipar ríkisstjórnin sérstakar eftirlitsnefndir til að fylgjast með starfsemi og verðlagningu einstakra ríkisfyrirtækja. Þá má einnig benda á að neytendasamtök annars staðar á Norðurlöndum hafa víðtækt eftirlit og umsagnarrétt um starfsemi og verðlagningu opinberra þjónustufyrirtækja.

Tillagan er nú flutt í fimmta sinn og þess freistað að fá hana samþykkt á þessu þingi, enda hefur hún fengið góðar undirtektir þingmanna úr öllum flokkum.